

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, viðskiptanefnd  
vt. Selma Hafliðadóttir  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. apríl 2008 02-2008030341  
T-ums 10/08

*Alþingi*  
*Erindi nr. P/135/2036*  
*komudagur 4.4.2008*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 19. mars 2008 móttengið bréf yðar dagsett 18. sama mánaðar þar sem farið er fram á að embættið veiti umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög - 468. mál, þskj. 747.


Með frumvarpinu er lagt til að reglur er lúta að greiðslu hlutafjár í öðru en reiðufé verði einfaldaðar og kröfur um tilgreiningu á heimili félags í samþykktum verði einfaldaðar í þá átt að nægilegt sé að tilgreina sveitarfélag en ekki götuheiti og húsnúmer.

Í athugasemdum sem fylgir frumvarpinu kemur fram að tekið sé mið af óbindandi ákvæðum í tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins 2006/68/EB frá 6. september 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 77/91/EBE um stofnun hlutafélaga og tilskilið hlutafé þeirra og breytingar á því (annarri félagaréttartilskipuninni, hlutafjáartilskipuninni).

Ríkisskattstjóri telur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu.

Virðingarfyllst  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Guðmundur Guðbjarnason

  
Guðrún J. Jónsdóttir